

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Efni: Viðhorfskönnun meðal starfólks Reykjavíkurborgar 2022

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum og til að gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað.

Undanfarin ár hefur viðhorfskönnunin verið að mestu leyti óbreytt en á síðasta ári var tekin ákvörðun að hefja endurskoðun á henni og fara í og útfæra ákveðnar breytingar sem svari betur breyttum þörfum starfsstaða og sviða um mælitæki sem nýtist sem best til að mæla starfsumhverfi, samskipti og stjórnunarhætti. Endurskoðun könnunarinnar er ekki lokið og fyrir liggur að klára það í ár fyrir næstu könnun og m.a. að gera sérstakt stjórnunarmat. Þó heildarendurskoðun könnunar sé ekki lokið var ákveðið að gera tilteknar breytingar og að stytta hefðbundnu könnunina talsvert. Markmiðið með núverandi breytingum var að halda inni grunnþáttum en taka inn 21 spurningu sem snúa að styttingu vinnuvikunnar, covid-19 og líðan þar sem mikilvægt er að fá fram upplýsingar varðandi þessa þætti frá öllu starfsfólki. Spurningar sem settar voru inn voru einnig í Stofnun ársins og því hægt að bera niðurstöður þeirra við niðurstöður hjá ríki og sveitarfélögum. Áður voru meginþættir könnunarinnar 18 talsins en í ár eru þeir 5, þ.e. starfsánægja, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði, fræðsla og hjálfun og vinnuaðstaða. Einnig var nokkrum spurningum í viðbót sem tilheyra öðrum þáttum haldið auk þess sem spurt var um einelti, áreitni og fordóma eins og síðustu ár. Samanburður niðurstaðna könnunar í ár við niðurstöður kannana fyrri ára er því einungis við ákveðna grunnþætti sem almennt er að finna í sambærilegum starfsánægjukönnunum og þeim spurningum sem metið var mikilvægt að halda inni.

Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 21. febrúar til 22. mars 2022. Könnunin náði til 9.948 starfsmanna og alls bárust 5.064 svör og var svarhlutfallið því 51%. Í töflu 1 má sjá svarhlutfallið eftir sviðum. Þetta er lægsta svarhlutfall í viðhorfskönnun meðal starfsfólks borgarinnar í þau 17 ár sem hún hefur verið framkvæmd. Almennt hefur svarhlutfall í könnunum farið lækkandi undanfarin ár t.a.m. má nefna að svarhlutfall í Stofnun ársins sem er sambærileg könnun meðal starfsfólks ríkisins var 43% í ár.

Tafla 1. Svarhlutfall 2022


	Fjöldi svara 2022	Svarhlutfall 2022	2021	2020	2019	2018	2017	2015	2013
Reykjavíkurborg	5064	51%	61%	57%	55%	61%	64%	66%	68%
Íþróttta- og tómstundasvið	226	72%	80%	83%	70%	80%	76%	82%	79%
Menningar- og ferðamálasvið	152	71%	77%	80%	82%	82%	84%	65%	75%
Miðlæg stjórnýsla	67	88%	76%	84%	75%	82%	79%	81%	73%
Skóla- og frístundasvið	2827	48%	59%	53%	52%	61%	66%	63%	71%
Umhverfis- og skipulagssvið	240	57%	69%	72%	73%	73%	73%	79%	69%
Velferðarsvið	1255	45%	57%	55%	51%	54%	55%	68%	58%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	99	91%	73%	84%	-	-	-	-	-
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	19	95%	95%	100%	-	-	-	-	-
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	165	95%	89%	95%	-	-	-	-	-

Sjá má á mynd 1 meðaltöl þáttanna fimm en fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Meðaltölin eru litakóðuð en græni liturinn tákna gildi sem eru 4 eða hærri sá guli gildi sem eru á milli 3-4 og sá rauði gildi sem eru lægri en 3.

Fjórir þættir af fimm lækka frá því árið 2021, en lækka þó mjög lítið. Þátturinn fræðsla og þjálfun stendur í stað frá því á síðasta ári. Súlurnar sýna niðurstöður ársins í ár og punktarnir niðurstöður síðasta árs. Undanfarin ár hafa niðurstöður könnunarinnar fyrir Reykjavíkurborg í heild verið afar góðar og meginþættir farið hækkandi ár frá ári. Í ár eru niðurstöðurnar í heildina að lækka lítillega en eru enn mjög góðar og allir fimm grunnþættirnir sem mældir voru í ár á grænu.

Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



Mynd 1. Meðaltöl þátta 2021. Punktarnir á myndinni tákna gildi síðasta árs (2021).

Í töflu 2 má sjá meðaltöl þáttanna eftir sviðum. Tveir þættir, þ.e. starfsánægja og sveigjanleiki í starfi eru á grænu (meðaltal þáttarins 4,0 eða yfir) öllum sviðum. Þættirnir fræðsla og þjálfun og upplýsingaflæði og vinnuaðstaða eru á grænu á sex sviðum en á gulu á þremur sviðum.

Tafla 2. Meðaltöl þátta eftir sviðum.


	Reykjavík									
	heild	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	FÁST	MOS	ÞON
Fræðsla og þjálfun	4,01	4,20	3,89	4,22	4,11	3,60	3,82	4,17	4,64	4,06
Starfsánægja	4,29	4,52	4,26	4,46	4,32	4,13	4,20	4,26	4,50	4,40
Sveigjanleiki í starfi	4,22	4,31	4,21	4,28	4,25	4,06	4,14	4,36	4,55	4,38
Upplýsingaflæði	4,06	4,16	3,94	4,31	4,14	3,90	3,91	4,05	4,39	4,07
Vinnuaðstaða	4,00	4,29	4,09	4,35	3,99	3,96	3,87	4,29	4,71	4,31

Mynd 2 sýnir meðaltöl spurninganna sem mynda ofangreinda fimm þætti. Af spurningunum 11 sem mynda þættina fimm lækka 8 á milli ára, en eins og sést á mynd 2 er lækkunin ekki mikil. Mest lækkar spurningin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ úr 4,37 árið 2021 í 4,28 í ár. Ein spurning hækkar lítillega en það er spurningin „Sú fræðsla eða þjálfun sem ég hef fengið nýttist vel í starfi“ úr 4,09 árið 2021 yfir í 4,10 í ár. Tvær spurningar standa í stað en það eru spurningarnar „Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu“ og „Upplýsingaflæði á mínum starfsstað er gott“.



Mynd 2. Meðaltal þáttaspurninga og samanburður á milli ára.

Mynd 3 sýnir meðaltöl þeirra spurninga sem ekki mynda heilan þátt en hafa verið í könnuninum undanfarin ár, ásamt samanburði við síðasta ár. Allar spurningarnar hér að neðan lækka frá því á síðasta ári. Sú spurning sem lækkar mest er spurningin „Hefur þú of mikið að gera í vinnunni?“ en hún var 2,77 árið 2021 og er 2,40 í ár og 47,9% upplifa því að hafa of mikið að gera í vinnunni miðað við 36,4% á síðasta ári.



Mynd 3. Meðaltal spurninga og samanburður á milli ára.

Töflur 3 og 4 sýna meðaltöl spurninganna sem fjallað var um hér að ofan eftir sviðum.

Í töflu 5 má sjá meðaltöl spurninga sem sneru að betri vinnutíma/styttingu vinnuvikunnar, covid-19 og líðan.

Spurt var hvort vinnuálag hafi breyst eftir að betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar var tekin upp og eins og sést er þessi spurning á rauðu á öllum sviðum borgarinnar. Þegar þessar niðurstöður eru rýndar nánar kemur í ljós að 65,6% starfsfólks svara þessari spurningu hvorki/né, 29,5% segja álagið hafa aukist. og 5% segja álagið hafa minnkað. Þegar spurt er hvort fólk hafi getað haft áhrif á hvaða útfærsla var valin við styttingu vinnuvikunnar eru flest svið á gulu. Þegar spurt var að því hvort fólk hafi getað nýtt sér styttinguna segjast 38,7% starfsfólks hafa nýtt sér styttinguna að öllu leyti, 47,5% segjast hafa nýtt hana að nokkru eða mestu leyti og 13,8% segjast hafa nýtt sér hana að litlu eða engu leyti. Þegar spurt er hvort betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á gæði vinnunnar þá segja 67,3% styttinguna hafa haft frekar eða mjög jákvæð áhrif á gæði vinnunnar og 10,6% segja hana hafa haft mjög eða frekar neikvæð áhrif á gæði vinnunnar. Spurningin um það hversu ánægt eða óánægt fólk sé með styttingarverkefnið kemur almennt vel út en 72,4% starfsfólks er frekar eða mjög ánægt með verkefnið en 12,5% eru mjög eða frekar óánægð með verkefnið, 15,1% starfsfólks er hvorki ánægt né óánægt.

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á starfsumhverfi, álag í starfi og dagleg störf starfsfólks skv. niðurstöðum í töflu 5, en meirihluti starfsfólks segir covid-19 hafa haft mjög eða frekar mikil áhrif á þessa þætti.

Starfsfólk var spurt hvort að vinnuálag væri of mikið, hæfilegt eða of lítið og 44,6% starfsfólks sagði vinnuálagið allt eða heldur of mikið. 53,5% starfsfólks sagði það vera hæfilegt og 1,8% sagði það heldur eða allt of lítið. Spurt var hvort það kæmi fyrir eftir að vinnudegi lýkur að fólk eigi erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma eða einkalíf en 28,7% sagði það koma mjög eða frekar oft fyrir en 59,1% sagði það koma frekar eða sjaldan fyrir. Spurt var hvort það kæmi fyrir eftir að vinnudegi lýkur að fólk hafi áhyggjur af því að upp komi vandamál sem það getur ekki leyst en 18,5% sagði það koma mjög eða frekar oft fyrir en 66,7% sagði það koma frekar eða sjaldan fyrir. Spurt var hvort það kæmi fyrir eftir að vinnudegi lýkur að fólk sé svo þreytt að það geti ekki gert nokkurn skapaðan hlut en 29,9% sagði það koma mjög eða frekar oft fyrir en 57,8% sagði það koma frekar eða sjaldan fyrir. Spurt var hvort það kæmi fyrir eftir að vinnudegi lýkur að fólk langi ekki í vinnuna næsta dag en 13,4% sagði það koma mjög eða frekar oft fyrir en 75,3% sagði það koma frekar eða sjaldan fyrir.

Einnig var spurt um hvort mistök væru rædd opinskátt á vinnustaðnum og 68,3% starfsfólks var frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu en 13,6% frekar eða mjög ósammála.

Að lokum var fólk spurt hversu ánægt eða óánægt það væri með lífið á heildina litið og 88,3% segjast frekar eða mjög ánægð með lífið en 4,2% mjög eða frekar óánægð.

Tafla 3. Meðaltal þáttaspurninga eftir sviðum.

	Reykjavík									
	heild	FAS	ÍTR	MOF	MOS	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON
Fræðsla og þjálfun										
Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til sækja námskeið eða fræðslu	4,00	4,23	4,19	3,92	4,67	4,23	4,13	3,48	3,74	4,05
Sú fræðsla eða þjálfun sem ég hef fengið nýtist vel í starfi	4,10	4,19	4,24	3,95	4,61	4,20	4,16	3,77	3,99	4,17
Starfsánægja										
Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi	4,28	4,32	4,53	4,25	4,67	4,40	4,30	4,14	4,17	4,39
Mér líður vel í vinnunni	4,31	4,24	4,52	4,27	4,53	4,52	4,35	4,11	4,22	4,41
Sveigjanleiki										
Hjá mér er gott jafnvægi milli starfs og einkalífs	4,17	4,29	4,27	4,12	4,37	4,20	4,22	3,97	4,07	4,22
Ég hef sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf	4,27	4,42	4,35	4,30	4,74	4,36	4,27	4,16	4,21	4,55
Upplýsingaflæði										
Upplýsingaflæði á mínum starfsstað er gott	3,86	3,85	4,00	3,75	4,16	4,23	3,92	3,76	3,72	3,89
Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt og/eða starfsstað	4,02	3,99	4,14	3,90	4,42	4,25	4,09	3,83	3,86	4,06
Ég get nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt ef ég ber mig eftir þeim upplýsingum	4,31	4,30	4,36	4,21	4,58	4,45	4,41	4,10	4,14	4,28
Vinnuaðstaða										
Vinnuaðstaða mín er góð	3,86	4,15	4,24	3,98	4,68	4,17	3,85	3,87	3,69	4,23
Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf	4,14	4,46	4,35	4,20	4,74	4,52	4,12	4,05	4,06	4,41

Tafla 4. Meðaltal spurninga eftir sviðum.


	Reykjavík									
	heild	FAS	ÍTR	MOF	MOS	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON
Hæfilegt vinnuálag										
Hefur þú of mikið að gera í vinnunni?	2,40	2,19	2,85	2,72	2,44	2,47	2,35	2,06	2,48	2,28
Starfsandi										
Samvinna er góð á mínum starfsstað	4,23	4,05	4,31	4,19	4,68	4,55	4,23	4,11	4,19	4,41
Það er góður starfsandi á mínum starfsstað	4,22	4,01	4,36	4,14	4,63	4,47	4,23	4,12	4,15	4,44
Stjórnun										
Mínum starfsstað er vel stjórnað	4,06	4,04	4,19	3,95	4,63	4,34	4,13	3,76	3,90	4,12
Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar	4,14	4,05	4,19	3,99	4,63	4,52	4,18	3,99	4,06	4,29
Tilgangur										
Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni	4,43	4,24	4,59	4,22	4,58	4,40	4,50	4,25	4,36	4,31
Viðurkenning										
Á síðustu 6 mánuðum hefur yfirmaður minn rætt við mig um frammistöðu mína í starfi	3,54	3,39	3,73	3,77	4,00	4,24	3,59	3,40	3,31	3,72
Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf	3,98	3,54	4,10	3,97	4,58	4,33	4,03	3,77	3,85	4,12
Starf mitt er metið að verðleikum af samstarfsfólki mínu	4,25	4,15	4,29	4,20	4,47	4,49	4,30	4,08	4,18	4,31

Tafla 5. Meðaltöl spurninga um betri vinnutíma/styttingu vinnuvikunnar, covid-19 og líðan.

	Reykjavík									
	heild	FAS	ÍTR	MOF	MOS	RHUS	SFS	USK	VEL	ÞON
Betri vinnutími/stytting										
Finnst þér vinnuálag þitt hafa breyst eftir að stytting vinnuvikunnar/betri vinnutími var tekin upp?	2,70	2,75	2,88	2,95	2,93	2,86	2,60	2,79	2,75	2,88
Fannst þér þú geta haft mikil eða lítil áhrif á hvaða útfærsla var valin við styttingu vinnuvikunnar?	3,19	3,76	3,01	3,52	4,41	3,76	3,22	2,97	3,06	3,34
Hefur þú getað nýtt þér umsamda styttingu að öllu, mestu, nokkru, litlu eða engu leyti?	3,91	4,12	3,44	4,13	3,84	4,05	4,07	4,02	3,60	4,18
Telur þú að „betri vinnutími / stytting vinnuvikunnar“ hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á gæði vinnu þinnar?	3,95	4,40	3,81	4,46	4,47	4,48	3,88	4,37	3,75	4,61
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með verkefnið „betri vinnutími / stytting vinnuvikunnar“?	4,03	4,65	3,78	4,66	4,74	4,44	4,03	4,41	3,74	4,65
Covid-19										
Hefur COVID-19 haft áhrif á starfsumhverfi þitt?	2,39	2,81	3,01	2,61	2,47	2,58	2,30	2,70	2,29	2,70
Hefur COVID-19 haft áhrif á álag í starfi þínu?	2,49	3,23	3,12	2,97	3,53	3,08	2,30	3,02	2,47	2,93
Hefur COVID-19 haft áhrif á dagleg störf þín?	2,58	3,27	3,16	2,83	3,11	2,76	2,46	3,05	2,50	3,04
Líðan - Álag										
Er vinnuálag þitt of mikið, hæfilegt eða of lítið?	2,46	2,51	2,87	2,70	2,56	2,50	2,42	2,21	2,47	2,52
Kemur það oft eða sjaldan fyrir eftir að vinnudegi lýkur:										
að þú eigir erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma þinn eða einkalíf?	3,51	3,58	3,90	3,53	3,11	3,27	3,51	3,31	3,48	3,43
að þú hafir áhyggjur af því að upp komi vandamál í vinnunni sem þú getur ekki leyst?	3,80	3,93	3,99	3,90	3,84	3,66	3,80	3,71	3,79	3,76
að þú sért svo þreytt/ur að þú eigir erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut?	3,50	3,89	3,94	3,79	4,05	3,68	3,38	3,44	3,54	3,90
að þig langi ekki í vinnuna næsta dag?	4,07	4,34	4,26	4,20	4,44	4,08	4,08	3,89	3,98	4,26
Vellíðan og hugarfar grósku										
Á mínum vinnustað ræðum við mistök okkar opinskátt.	3,72	3,46	3,78	3,55	3,89	3,84	3,70	3,66	3,74	4,08
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lífið á heildina litið?	4,20	4,05	4,32	4,16	4,32	4,32	4,22	4,02	4,18	4,30

Spurt var hvort fólk hafi orðið fyrir áreitni og einelti frá samstarfsfólki og þjónustuþegum en mynd 2 sýnir niðurstöður þessara spurninga. Áreitni frá samstarfsfólki mældist 4,9% í ár en 3,8% árið 2021 og áreitni frá þjónustuþegum mældist 12,7% árið 2021 en 13,5% í ár. Einelti frá samstarfsfólki mældist 3,9% í ár, en 3,4% síðasta ár. Einelti frá þjónustuþegum mældist 1,5% í síðustu könnun en er 1,7% í ár. Einnig var spurt um það hvort fólk hafi orðið vitni að fordómum en 22,8% sögðust hafa orðið vitni að fordómum í ár en 22,7% í síðustu könnun.

Áreitni/Einelti/Vitni að fordómum á síðustu 12 mánuðum



Mynd 4. Áreitni, einelti og vitni að fordómum.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur staðið í brúnni í heimsfaraldri í tæp 2 ár og lagst á eitt að vernda grunnþjónustu borgarinnar. Baráttan við COVID-19 hefur sannarlega verið krefjandi og reynt á starfsfólk Reykjavíkurborgar og þetta búið að vera langhlaup. Á slíkum tímum er ljóst að nær allir hafa á einhverjum tímum upplifað aukið álag og streitu sem getur að einhverju leiti verið að endurspeglast í niðurstöðum þessarar viðhorfskönnunar. Mikilvægt er að rýna og skoða vel niðurstöðurnar bæði fyrir borgina í heild, fyrir svið og síðast en ekki síst fyrir starfsstaði. Brýnt er að nýta niðurstöðurnar til að bæta starfsumhverfi einstakra starfsstaða og gera enn betur í mannauðsmálum. Lagt er upp með að stjórnendur kynni niðurstöður fyrir starfsfólki starfsstaða og í kjölfarið setji fram markmið og aðgerðir.